

Númer: 76/2019

Dreifibréf til fjármálafyrirtækja

Reykjavík, 19. desember 2019

Tilvísun: 2017010338

Efni: Drög að viðmiðum og aðferðafræði Fjármálaeftirlitsins vegna könnunar- og matsferlis hjá fjármálafyrirtækjum.


Fjármálaeftirlitið hefur gefið út umræðuskjal nr. 6/2019. Umræðuskjalið inniheldur drög að uppfærðum viðmiðum og aðferðafræði Fjármálaeftirlitsins vegna könnunar- og matsferlis (SREP) hjá fjármálafyrirtækjum. Með þessu dreifibréfi gefur Fjármálaeftirlitið viðtakendum kost á að gera athugasemdir við drögin. Skjölín eru einnig birt á vefsíðu Fjármálaeftirlitsins, www.fme.is.

Um er að ræða 5. útgáfu viðmiða og aðferða Fjármálaeftirlitsins vegna SREP. Í ferlinu mun verða miðað við áramótastöðu á fjárhagsupplýsingum frá fjármálafyrirtækjum nema til verulegrar hækkunar eða lækkunar á þeim komi á meðan ferlið stendur yfir. Í skjalinu eru breytingar er varða mat á stjórnarháttum og innra eftirliti auk lítilsháttar breytinga á kafla um mat Fjármálaeftirlitsins á eiginfjárþörf vegna áhættuþátta. Í viðauka 1 eru breytingar á aðferðafræði vegna útlána til byggingaframkvæmda, lántakasambjöppunar og geirasambjöppunar. Að lokum er að finna í viðauka 2 umfjöllun þær breytingar sem eru væntanlegar á fastvaxtaáhættuviðmiði. Í þessum drögum hefur ekki verið tekið tillit til textabreytinga sem kunna að leiða af sameiningu Fjármálaeftirlitsins við Seðlabanka Íslands þann 1. janúar nk.

Fjármálaeftirlitið óskar eftir því að athugasemdir umsagnaraðila við meðfylgjandi umræðuskjal berist eftirlitinu eigi síðar en 7. janúar nk. Óskað er eftir að umsagnir séu ritaðar á þar til gert umsagnareyðublað sem finna má á vefsíðu Fjármálaeftirlitsins, sbr. skýringar á forsíðu meðfylgjandi umræðuskjals nr. 6/2019.

Virðingarfyllst,

FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ



Finnur Sveinbjörnsson



Elmar Ásbjörnsson